

## 1230. Stjórnarfundur VR

**Haldinn miðvikudaginn 11. maí 2022, kl. 17:30 í Kringlunni 7 á 0. hæð og í fjarfundi.**

**Mætt voru á staðfund:** Ragnar Þór Ingólfsson, Svanhildur Ólöf Þórsteinsdóttir, Harpa Sævarsdóttir, Fríða Thoroddsen, Jónas Yngvi Ásgrímsson, Kristjana Þorbjörg Jónsdóttir, Selma Björk Grétarsdóttir, Sigríður Lovísa Jónsdóttir, Sigurður Sigfússon, Sigrún Guðmundsdóttir, Þorvarður Bergmann Kjartansson, Þórir Hilmarsson, Stefán Sveinbjörnsson framkvæmdastjóri og Steinunn Böðvarsdóttir sem ritaði fundargerð.

**Mætt voru á fjarfund:** Bjarni Þór Sigurðsson, Helga Ingólfssdóttir og Jón Steinar Brynjarsson auk Arnþórs Sigurðssonar varamanns.

**Gestur fundarins:** Vigdís Jónsdóttir, framkvæmdastjóri VIRK starfsendurhæfingarsjóðs.

Dagskrá:

### **1. Fundargerðir 1228. og 1229. stjórnarfunda VR voru lagðar fram til samþykktar.**

Ragnar Þór lagði fram fundargerðir 1228. og 1229. stjórnarfunda VR til samþykktar. Rætt var um ritun fundargerða stjórnar undir liðnum Önnur mál.

Fundargerðir voru samþykktar og undirritaðar.

Selma Björk og Sigríður Lovísa mættu til fundar kl. 17:40.

### **2. Kynning á VIRK**

Fyrir fundinum lá skjalið **VIRK kynning fyrir stjórn 11. maí 2022.**

Ragnar Þór kynnti Vigdís Jónsdóttur, framkvæmdastjóra VIRK starfsendurhæfingarsjóðs, sem fór yfir starfsemi og markmið sjóðsins á glærum.

Í máli Vigdísar kom fram að VR væri einn stærsti samstarfsaðili VIRK og sagði hún ánægjulegt að fá að kynna stöðuna fyrir stjórninni. Hún fór því næst yfir glærum um áhrif Covid faraldursins, forvarnir í starfi VIRK og árangur. Einnig ræddi hún þróunar- og rannsóknarverkefni á vegum VIRK og áhrif sjóðsins á íslenskt samfélag.

Vigdís benti á að á tímum Covid hafi áhersla verið lögð á að skjólstaðingar VIRK gætu sótt ráðgjöf og viðtöl. Ánægja hafi verið með þjónustu sjóðsins á þessum tímum samkvæmt þjónustukönnun 2021. Vigdís fjallaði um áherslur VIRK í kjölfar faraldursins og jafnframt á þá áherslu að veita starfsendurhæfingu samhliða vinnu. Forvarnir eru stór hluti af áherslu VIRK og vaxandi.

Vigdís fór yfir tölur yfir fjölda mála hjá VIRK annars vegar og hjá VR hins vegar. Flestir einstaklingar sem leita til ráðgjafa glíma við geðrænan vanda og/eða stoðkerfisvanda. 78% útskrifaðra einstaklinga voru ýmis í vinnu, atvinnuleit eða námi eftir útskrift.

Vigdís benti á að VIRK gegni mikilvægu jöfnunarhlutverki í þjóðfélaginu. Könnun Maskínu sýni að hlutfallslega fleiri sem leita til VIRK eigi erfitt með að ná endum saman en í samanburðarhópi.

Þá fór Vigdís yfir nýtt þróunar- og rannsóknarverkefni sjóðsins sem snýr að kulnun, algengi hennar og hlutfall beiðna sem berast til sjóðsins. Hún benti á að margir geti speglað sig í umræðunni um kulnun en að birtingarmyndir hennar svipi oft til einkenna þunglyndis, kvíða og vefjagigtar. Mikilvægt sé að skoða algengi kulnunar á vinnumarkaði í heild sinni. Hún kallaði eftir samstarfi um slíka skoðun.

Eftir erindi Vigdísar fjallaði Ragnar Þór um aðkomu VR að VIRK, einkum hvað varðar aukna áherslu á forvarnir sem sé að tilstuðlan félagsins.

Umræður.

Að umræðum loknum var Vigdísí þakkað fyrir og vék hún af fundi kl. 18:45.

### 3. Kjaramál – staðan

Ragnar fór yfir vaxtamál og sagði VR hafa látið í sér heyra í kjölfar hækkunar stýrivaxta Seðlabankans nýlega. Hann benti á að viðmælendur í fjölmiðlum hafi helst verið talsmenn banka og fjármálafyrirtækja. Enginn hafi getað fært rök fyrir því að hækkun stýrivaxta geti mildað þau áhrif sem faraldurinn og stríð í Úkraínu hefðu haft, það standi eitt eftir að fóðra þurfi fjármagnseigendur og fjármálakerfið á kostnað almennings. Hann sagði að áfram yrði þrýst á Seðlabankann.

Ragnar sagði stefnt að því að skrifa undir samning Bjargs og Blævar í næstu viku um uppbyggingu á lóð VR í Úlfarsárdal.

Ragnar sagði frá þætti á sjónvarpsstöðinni Hringbraut í síðustu viku sem gerður var í samstarfi við Öldungaráð. Umfjöllunarefnið var staða eldri borgara á húsnæðismarkaði.

Þá ræddi Ragnar um kröfugerð félagsins fyrir næstu kjarasamninga en drög að henni liggja fyrir og verða kynnt síðar á fundinum. Hann sagði að félagið ætti að vera viðbúið harðri orðræðu næstu mánuði. Vonir standi til að hægt verði að byrja viðræður fyrir sumarfrí. VR væri að skoða hvernig best væri að svara þeirri umræðu sem þegar væri hafin og myndi kynna hugmyndir um það fyrir stjórn.

Fjallað var um húsnæðismálin og ræddi Bjarni Þór um stöðuna í húsnæðisnefnd aðila vinnumarkaðarins og stjórnvalda.

Umræður.

Í umræðum var rætt um stöðuna á vinnumarkaði og uppsagnir og ráðningar nýs starfsfólks á skrifstofu Eflingar.

Svanhildur Ólög Þorsteinsdóttir lét bóka ósk um að ráðningarkjör nýs starfsfólks hjá Eflingu yrðu skoðuð í ljósi nýlegra fréttu um stuttan ráðningartíma þess.

#### 4. Kröfugerð fyrir komandi kjarasamninga

Fyrir fundinum lá skjalið **Drög að kröfugerð 2022**.

Stefán fór yfir drög að kröfugerð félagsins sem unnin var á grundvelli könnunar meðal félagsfólks og niðurstöðum fundar trúnaðarfólks í apríl síðastliðnum.

Kröfugerðin hafi verið samþykkt í kjaramálanefnd og send til stjórnar. Drög að kröfugerðinni eru svohljóðandi:

##### **Drög að kröfugerð vegna kjarasamninga 2022**

###### **Markmið**

Markmið kjarasamninga er að auka lífsgæði launafólks og tryggja jafnræði á vinnumarkaði. Í kröfugerð VR fyrir kjarasamninga 2022 er því megináhersla lögð á að auka kaupmátt ráðstöfunartekna félagsfólks og tryggja stöðugleika í efnahagslífinu til þess að verja þann ávinning sem náðist við gerð Lífskjarasamningsins árið 2019. VR telur mikilvægt að huga vel að þeim sem lægst launin hafa en tryggja jafnframt að allt launafólk njóti jafnræðis.

VR leggur til að samið verði til þriggja ára og að samningurinn gildi frá 1. nóvember 2022 til 30. október 2025.

###### **Aðkoma stjórnvalda**

Aðkoma stjórnvalda að kjarasamningum á almennum vinnumarkaði er óhjákvæmileg því staðan kallar á mikilvægar breytingar á grundvallarkerfum íslensks samfélags. Stjórnvöld verða að koma að borðinu með samtökum launafólks og atvinnurekenda eigi kjarasamningaviðræður að skila þeim ávinningi sem að vonir standa til. VR gerir þær kröfur til stjórnvalda að þau afnemi verðtryggingu á neytendalánum, lækki álögur og skatta á launafólk og lækki virðisaukaskatt á nauðsynjavörur.

Uppstokkunar er þörf á húsnæðismarkaði og þjóðarsátt um næstu skref. VR gerir þá kröfu að þak verði sett á leigu, ungu fólki auðvelduð fyrstu kaup með auknum stuðningi frá hinu opinbera og lóðaframboð aukið verulega með aðkomu sveitarfélaga. Framboð húsnæðis, hvort heldur er til eignar eða leigu, er í engu samræmi við eftirspurn og fáir sem geta komið sér þaki yfir höfuðið.

VR krefst þess einnig að stjórnvöld hlúi betur að þeim sem þurfa meiri aðstoð með því að minnka skerðingar í almannatryggingakerfinu, afnema tekjutengingar bóta og niðurgreiða sálfræðiaðstoð.

## Launaliðurinn

Meginmarkmið kjarasamninganna þegar kemur að launaliðnum er að verja þann árangur sem náðist í síðustu kjarasamningum fyrir þau sem eru með lægstu launin en jafnframt tryggja að allt launafólk fái notið jafnræðis þegar kemur að launahækkunum. Aukinn kaupmáttur ráðstöfunartekna liggur til grundvallar launakröfum félagsins og að launafólk geti lifað mannsæmandi lífi á dagvinnulaunum sínum. Lágmarkslaun eiga að duga til framfærslu samkvæmt þeim viðmiðum sem fyrir liggja.

Félagið gerir þá kröfu að stjórnvöld komi að borðinu með aðgerðir til að styrkja launalið kröfugerðarinnar, t.d. í skatta- og vaxtamálum, með hækkun barnabóta og afnámi verðtryggingar á neytendalánunum.

## Veikindaréttur

VR leggur til nokkrar breytingar á veikindarétti kjarasamninga. VR ítrekar þá kröfu að veikindaréttur vegna barna taki til barna og ungmenna allt að 18 ára aldri. Þá vill VR tryggja að fjarvera vegna veikinda verði talin hvort sem er í hálfum eða heilum dögum.

VR telur mikilvægt að auka sveigjanleika í veikindarétti þannig að hann geti komið til móts við alvarleg áföll félagsfólks. VR gerir þá kröfu að veikindaréttur verði útvíkkaður þannig að hann taki til alvarlegra veikinda og /eða fráfalls nákominna ættingja sem og jarðarfara.

Þá ítrekar VR þá kröfu að allur kostnaður vegna komugjalda og læknisvottorða verði greiddur af atvinnurekanda, óski hann eftir vottorði vegna veikinda. Einnig gerir VR þá kröfu að heimsóknir til læknis / tannlæknis í forvarnarskyni falli undir veikindarétt. Slíkt taki jafnframt til barna félagsfólks.

## 30 daga orlof

Launafólk gerir kröfu um aukinn frítíma og meiri sveigjanleika í orlofstöku. Samkvæmt kjarasamningi VR er lágmarksorlof 24 dagar en allt að 30 dagar eftir 10 ár hjá sama fyrirtæki. Breytingar á orlofsrétti hjá starfsfólki hins opinbera kalla á endurskoðun á rétti starfsfólks á almennum vinnumarkaði. VR gerir þá kröfu að allt félagsfólk eigi rétt til 30 orlofsdaga á orlofsárinu.

VR krefst þess jafnframt að orlofsréttur verði rýmkaður þannig að orlofsnýting sé allt að tvö ár í senn. Ef ekki verður við því komið að nýta orlofið innan þess tíma, verði ónýtt orlof gert upp við starfsfólk áður en nýtt tímabil hefst.

VR gerir einnig þá kröfu að starfsfólk ávinni sér orlofslaun í lögbundnu fæðingarorlofi.

## Stytting vinnuvikunnar

Vinnutími á Íslandi er einna lengstur af þeim löndum sem við berum okkur saman við og má sjá afleiðingarnar í fjölgun launafólks síðustu ár sem sækir þjónustu til sjúkrasjóða stéttarfélaganna.

VR lagði áherslu á styttingu vinnuvikunnar við gerð Lífskjarasamningsins árið 2019 og var sú stytting sem þá var samið um fyrsta skrefið í vegferð félagsins að umtalsvert styttri og fjölskylduvænni vinnuviku. Styttingin tókst vel til og var almenn ánægja með hana meðal félagsfólks. VR telur mikilvægt að fyrirtæki nýti tækifæri sem skapast í kjölfar hagræðingar sem sjálfvirknivæðing og tækniframfarir stuðla að til þess að stytta enn frekar vinnuviku starfsfólks.

VR gerir þá kröfu að vinnuvikan verði stytt í fjóra daga, eða sem svarar til 32 stundum á viku, á samningstímanum, án skerðingar á launum. Í samræmi við þetta telur VR mikilvægt að lög nr. 88 frá 1971, um 40 stunda vinnuviku, verði endurskoðuð í takt við þær kröfur sem samtök launafólks gera nú um styttri vinnutíma.

## Uppsagnarréttur

Tryggja þarf starfsfólki sem hefur langan starfsaldur hjá sama atvinnurekanda lengri uppsagnarfrest, óháð lífaldri. Réttur þessi komi til viðbótar þeim rétti sem nú þegar er í kjarasamningi.

VR gerir þá kröfu að uppsagnarfrestur verði sem hér segir:

- Fjórir mánuðir eftir 10 ár í starfi hjá sama atvinnurekanda.
- Fimm mánuðir eftir 15 ár í starfi hjá sama atvinnurekanda.
- Sex mánuðir eftir 20 ár í starfi hjá sama atvinnurekanda.

Starfsmaður geti hins vegar sagt upp starfi sínu með þriggja mánaða fyrirvara.

## Fjarvinna

Covid-19 faraldurinn sýndi okkur mikilvægi sveigjanleika á vinnumarkaði og hvernig launafólk getur fljótt og vel brugðist við breyttum aðstæðum. Fjarvinna er orðin ómissandi hluti af vinnuumhverfi hjá mörgum og mikilvægt að bæta og tryggja betur stöðu launafólks í þeim aðstæðum.

VR gerir þá kröfu að rammisamningur á almennum vinnumarkaði um fjarvinnu verði tekinn til gagnarrar endurskoðunar með það í huga að tryggja betur réttindi fjarvinnustarfsfólks og ásættanlega vinnuaðstöðu, starfsfólki að kostnaðarlausu. Þá leggur VR til að ákvæði um fjarvinnu verði sett í aðalkjarasamninga félagsins og atvinnurekenda.

VR gerir jafnframt þá kröfu að félagsfólk hafi frelsi til þess að vinna í fjarvinnu þegar aðstæður leyfa, sveigjanleikinn verði aukinn og tryggt að samþykki beggja aðila liggja fyrir.

## Aukið lýðræði

Lýðræði er hornsteinn íslensks samfélags og vill VR auka tækifæri starfsfólks á lýðræðislegri þátttöku á sínum vinnustað. VR gerir þá kröfu að Ísland feti í fótspor fjölda þjóða í Evrópu og komi á atvinnulýðræði þar sem starfsfólk hefur rétt til að kjósa fulltrúa sinn í stjórn fyrirtækisins sem það starfar hjá. VR leggur til að farin verði sú leið sem Norðurlöndin hafa farið og starfsfólk fái rétt til að kjósa ákveðinn fjöldi fulltrúa í stjórn fyrirtækisins í samræmi við stærð þess. VR telur jafnframt mikilvægt að þessi réttur verði bundinn í lög.

Þá gerir VR kröfu um sjóðfélagalýðræði í lífeyrissjóðum þannig að sjóðfélagar geti kosið fulltrúa í stjórn síns sjóðs og þannig átt aðkomu að ákvarðanatöku um starfsemi og rekstur viðkomandi sjóðs. VR leggur til að félagið og atvinnurekendur komi sér saman um að helmingur stjórnar Lífeyrissjóðs verzlunarmanna verði kosinn beinni kosningu af sjóðfélögum á samingstímanum. VR gerir einnig þá kröfu að vægi fulltrúaráðs/sjóðfélaga verði aukið þegar kemur að stærri ákvörðunum sjóðsins.

## Sí- og endumenntun

Auknar kröfur eru gerðar til starfsfólks um menntun og þekkingu, ekki síst vegna fjórðu iðnbyltingarinnar og þeirra viðamiklu og hröðu breytinga á störfum sem átt hafa sér stað undanfarin ár. VR telur mikilvægt að atvinnurekendur líti á nám og fræðslu sem hluta af starfi og hvetji starfsfólk til þess að sækja sér þá fræðslu sem það þarf til að auka hæfni sína og taka virkan þátt í breytingum á vinnumarkaði.

Samkvæmt kjarasamningi hefur félagsfólk rétt til að verja fjórum stundum á ári til setu í starfstengdu námi eða námskeiðum án skerðingar á launum. VR gerir þá kröfu um að félagsfólk geti varið að lágmarki einni vinnuviku á ári til setu í starfstengdu námi eða námskeiðum, án skerðingar á launum.

## Fagnám í verslun og þjónustu

Fagnám í verslun og þjónustu er þróað í samvinnu aðila vinnumarkaðarins og hefur verið framkvæmt í farsælu samstarfi símenntunarmiðstöðva, fyrirtækja og framhaldsskóla um þriggja ára skeið. Námið byggir á hæfnikröfum sem gerðar eru til starfa verslunarfólks og býðst þátttakendum að fara í raunfærnimat þar sem kunnátta og hæfni er metin til framhaldsskólalæininga á mótí kenndum áföngum. Auk þess fer hluti námsins fram á vinnustað í verklegum brautaráföngum.

VR gerir kröfu um að félagsfólk sem lýkur Fagnámi í verslun og þjónustu fái námið metið til launahækkunar þannig að laun hækki um 7% að lágmarki við lok hvers þriðjungs náms. Einnig gerir VR kröfu um að starfsfólk sem hefur þegar lokið náminu fyrir ráðningu fái hærri laun sem nemur þessari hækkun.

## Aðrar kröfur

- **Áunnin réttindi**
  - Áunnin réttindi félagsfólks færast óskert milli atvinnurekenda. Hér er um að ræða rétt félagsfólks vegna veikinda og orlofs sem það hefur áunnið sér á vinnumarkaði.
- **Heilsuefning / heilsuvernd**
  - Atvinnurekendur auki stuðning sinn við heilsuefningu starfsfólks í forvarnarskyni, enda er slíkt beggja hagar.
  - Starfsfólk hefur skýlausan rétt á að atvinnurekandi virði mörk milli vinnu og frítíma. Settar verði skýrar reglur í kjarasamning um að atvinnurekanda beri að virða skilgreindan vinnudag starfsfólks, óháð formi og staðsetningu vinnunnar.
- **Stórhátíð og aðrir skilgreindir frídagar**
  - 1. maí verði stórhátíðardagur.
  - Aðfangadagur og gamlársdagur verði stórhátíðardagar allan daginn, ekki bara frá kl. 12:00.
  - Staðfesting um greiðslu launa á skilgreindum frídögum í kjarasamningi verði sett inn í kjarasamninginn með skýrari hætti en nú er.
  - Starfsfólk sem þarf að ferðast á vegum atvinnurekanda á skilgreindum frídegi fái frí síðar, án skerðingar á launum.
- **Laun og framkvæmd launa**
  - Uppgjörstímabil mánaðarlauna verði þannig að ekki standi eftir meira en ein vika ógreidd í hverjum almanaksmánuði.
  - Lágmarksvinnutími á virkum dögum verði 4 klst. eins og um helgar og aldrei verði greitt fyrir skemmri tíma, þó unnið sé skemur.
  - Atvinnurekendur tryggi að mótframlag þeirra í lífeyrissjóð skili sér í hækkun launa til starfsfólks 70 ára og eldra eða verði ráðstafað á annan þann hátt sem er í samræmi við vilja þess enda greiðir starfsfólk á þeim aldri ekki lengur iðgjald í lífeyrissjóð.
- **Ferðir til og frá vinnustað**
  - Atvinnurekendur greiði ferðakostnað félagsfólks sem býr utan höfuðborgarsvæðisins þegar almenningssamgöngur eru ekki í boði.
  - Í sérkjarasamningi VR og SA um gestamóttöku verði kostnaðurinn miðaður við ferðakostnaðarnefnd ríkisins skv. aðalkjarasamningi.
- **Trúnaðarmenn**
  - Kjörtímabil trúnaðarmanna verði lengt úr tveimur árum í fjögur ár.
- **Leiðréttá skerðingu örorkubóta vegna aldurs**
  - Skerðing örorkubóta vegna aldurs, skv. gr. 8.6.5. í kjarasamningi verði felld út.

Að öðru leyti er vísað til sameiginlegra krafna Alþýðusambands Íslands.

Umræður

Ragnar Þór óskar eftir samþykki fyrir því að lengja fundinn til kl. 21:30.

Samþykkt.

Kröfugerðin lögð fram til samþykktar.

Samþykkt.

Sigríður Lovísa Jónsdóttir lætur bóka að hún samþykki ekki fyrsta atriði í lið #4 undir Aðrar kröfur, þ.e. „Uppgjörstímabil mánaðarlauna verði þannig að ekki standi eftir meira en ein vika ógreidd í hverjum almanaksmánuði“.

## 5. Launarannsókn VR fyrir febrúar 2022

Fyrir fundinum liggur skjalið **Launarannsókn VR febrúar 2022**.

Stefán fer yfir niðurstöður launarannsóknar á glærum. Rannsóknin er birt tvisvar á ári, fyrir laun í febrúar og september, og byggir á upplýsingum inni á Mínum síðum á vef VR.

Í máli Stefáns kom fram að miðgildi heildarlauna í febrúar 2022 hafi verið um 703 þús.kr.

Umræður.

## 6. Starfsreglur stjórnar VR

Fyrir fundinum liggur skjalið **Starfsreglur stjórnar VR breytingar maí 2022** en það var kynnt á síðasta fundi og lá á milli funda.

Engar athugasemdir bárust. Stefán fór yfir þær breytingar sem lagðar eru til á reglunum.

Gerð er breyting á kaflanum **Fundir stjórnar** á bls. 1 þannig að heimilt sé að halda fundi stjórnar í gegnum „fjarfundarbúnað“ en var áður notað orðið „gagnaflutningur“. Einnig er bætt við að fundir geti verið hvorutveggja á staðfundi og fjarfundi. Í þessum kafla er einnig gerð breyting um rafræna afgreiðslu mála með „tölvupósti“ í stað með „rafrænum hætti“ eins og það var orðað. Setningin „Niðurstöður úr slíkum afgreiðslum skulu færðar til bókar á næsta formlega stjórnarfundi“ er færð neðst í þennan kafla og stýtt lítillega.

Gerð er breyting á kaflanum **Boðun funda** á bls. 2 og bætt við að fyrsti varamaður verði boðaður á alla fundi með málfrelsi og tillögurétt en ekki atkvæðisrétt ef full mæting er meðal aðalmanna.

Gerð er breyting á kaflanum **Fundargerðir, fundarritun og fylgigögn** á bls. 2 þannig að í lið 1 um skráningu í fundargerðarbók segi að skrá skuli hvort fundur sé haldinn í staðfundi, fjarfundi eða hvoru tveggja. Gerð er breyting á lið 2 þannig að greina skuli frá því hvaða fundarmenn eru á staðfundi og hverjir á fjarfundi. Einnig hvaða gestir eru á fundinum, hvenær þeir koma og hvenær þeir fara.



Bætt er við fyrirsögninni **Upplýsingagjöf til stjórnar** á bls. 3.

Lagfærð er tilvísun í slóð á viðmiðunarreglur um réttindi og skyldur stjórnarmanna í aðildarsamtökum ASÍ á bls. 4 í kaflanum Réttindi og skyldur stjórnarmanna VR.

Gerð er breyting á kaflanum **Ráð og nefndir** á bls. 4 þar sem segir nú að skipan eða endurnýjun í ráð og nefndir taki gildi að öllu jöfnu um miðjan apríl í stað 1. maí áður.

Gerð er breyting í kaflanum **Verkaskipting** á bls. 4. Bætt við í umfjöllun um heimild til að skuldbinda félagið í daglegum rekstri að framkvæmdastjóri hafi slíka heimild ásamt ásamt formanni og gerð breyting í þá veru að framkvæmdastjóri fremur en formaður skuli vinna tillögur að fjárhagsáætlun í samvinnu við formann. Stefán bendir á að þetta sé til samræmis við það sem nú tíðkast.

Bætt er við kafla á bls. 5, **Framkvæmdastjóri**, þar sem segir að að framkvæmdastjóri sitji stjórnarfundi með málfrelsi og tillögurétt og tilgreind eru verkefni hans við undirbúning stjórnarfunda.

Umræður

Starfsreglur stjórnar með breytingum lagðar fyrir stjórn til samþykktar.

Samþykkt samhljóða.

Starfsreglur stjórnar með áorðnum breytingum eru sem hér segir:

## **Starfsreglur stjórnar VR**

### **Markmið og tilgangur**

Tilgangur og markmið starfsreglna þessara er að tryggja að starfshættir stjórnar VR séu í samræmi við almenna góða stjórnarhætti.

### **Almennt**

Stjórn VR skal vinna sem ein heild og er sem slík ábyrg í störfum sínum gagnvart félagsmönnum, starfsmönnum og öðrum hagsmunaaðilum félagsins.

Stjórnarmaður hefur ekki sjálfstætt umboð til að framkvæma, gefa fyrirmæli eða tjá sig opinberlega í nafni stjórnar VR. Stjórn VR getur falið einstökum stjórnarmönnum, starfsmönnum eða fulltrúum sínum í nefndum sérstakt umboð og vald til ákvarðana. Slíkt framsal takmarkar þó ekki endanlega ábyrgð stjórnarinnar.

Fundargerðir stjórnar VR eru aðgengilegar félagsmönnum á vef félagsins.

## Fundir stjórnar

Stjórn skal á fundum fjalla um allar ákvarðanir varðandi stefnumótun félagsins. Á vinnufundum stjórnar eru tekin fyrir málefni sem þarfnast sérstakrar athygli og/eða stefnumörkunnar.

Fundir stjórnar skulu að jafnaði haldnir á starfsstöð félagsins nema annað sé sérstaklega ákveðið af formanni eða stjórn. Heimilt er að halda fundi stjórnar í gegnum fjarfundabúnað. Eins geta fundir verið blandaðir þannig að hluti fundarmann sé á staðfundi og hluti á fjarfundi. Sú almenna regla gildir að umræður og afgreiðsla mála fer fram á löglega boðuðum fundi. Í undantekningartilvikum er hægt að afgreiða mál með tölvupósti og leitar þá formaður samþykki varaformanns og ritara fyrir slíkri afgreiðslu. Niðurstöður úr slíkum afgreiðslum skulu færðar til bókar á næsta formlega stjórnarfundi.

## Boðun funda

Formaður boðar til stjórnarfunda með viku fyrirvara. Heimilt skal þó ef ríkar ástæður eru fyrir hendi að boða stjórnarfund með skemmri fyrirvara. Ef formleg beiðni berst um boðun stjórnarfundar, undirrituð með eigin hendi eða með tölvupósti af fjórum stjórnarmönnum eða fleiri, ber þá að halda þann fund innan 10 daga.

Fundaráætlun starfsárs er jafnframt fundarboðun en nánari fundarboðun einstakra funda þar sem fram kemur fyrirhuguð dagskrá fundar skal send út 5 dögum fyrir boðaðan fund sé þess kostur. Málsgögn einstakra liða skulu að jafnaði sett á vef stjórnar eða send 5 dögum fyrir fund verði því við komið. Boðun á stjórnarfundi fer fram með tölvupósti nema stjórn sjálf hafi ákveðið annað. Skulu stjórnarmenn undantekningarlaust staðfesta komu sína eða boða forföll séu þau fyrirsjáanleg svo boða megi varamann í þeirra stað. Hafi stjórnarmaður afboðað sig 24 tímum fyrir boðaðan stjórnarfund skal varamaður boðaður í hans stað og fellur seturéttur aðalmanns niður við staðfesta komu varamanns. Fyrsti varamaður er boðaður á alla stjórnarfundi og hefur hann málfrelsi og tillögurétt en ekki atkvæðisrétt ef full mæting aðalmanna er á stjórnarfundinum.

Stjórnarmenn skulu snúa sér til formanns, 6 dögum fyrir boðaðan stjórnarfund, með óskir um að mál verði tekin á dagskrá stjórnarfundar.

Mál sem tekin eru upp á stjórnarfundum undir liðnum önnur mál og ekki hafa verið kynnt í fundarboði, skulu að jafnaði ekki afgreidd fyrr en á næsta fundi stjórnar.

## Fundargerðir, fundarritun og fylgigögn

Halda skal fundargerðarbók um það sem fjallað er um á fundum stjórnar og bóka allar samþykktir og ákvarðanir stjórnarinnar. Bókanir skulu lagðar fram skriflega en formanni er heimilt að veita undanþágu frá því við sérstakar aðstæður. Starfsmaður félagsins skal annast ritun fundargerða stjórnarfunda.

## Í fundargerðarbók skal skrá eftirfarandi:

1. Hvar og hvenær fundurinn er haldinn, númer fundar og hvort fundurinn er stað- eða fjarfundur eða bæði stað- og fjarfundur.
2. Hverjir sitja fundinn, hverjir eru fjarverandi, tilgreindir eigin nafni, hver stýrir honum og hver ritar fundargerð. Greina frá hvaða fundarmenn eru á staðfundi og hverjir á fjarfundi. Hvað gestir eru á fundinum, hvenær þeir koma inn á fundinn og hvenær þeir fara út af fundinum.
3. Dagskrátriði, stutta lýsingu á dagskrárliðum og gögnum fundarins.
4. Ákvarðanir sem teknar eru og atkvæðagreiðslur, ef til þeirra kemur.
5. Sérstakar bókanir stjórnarmanna.
6. Upphaf og lok fundartíma.
7. Hvenær næsti stjórnarfundur verður haldinn.
8. Ef stjórnarmaður viku af fundi vegna vanhæfis.

Fundargerðir skulu að öllu jöfnu settar inn á stjórnarvef, þar sem allir stjórnarmenn hafa aðgang að, 48 tímum frá því að fundi lauk. Tillit skal tekið til minniháttar breytinga og athugasemda sem berast sem ekki breyta eðli, innihaldi og niðurstöðu fundargerðarinnar og er til samþykktar á næsta reglulega stjórnarfundi. Mæting stjórnarmanna skal birt á vefsíðu félagsins.

Fundargerðir eru lagðar fram til staðfestingar í upphafi næsta stjórnarfundar og skal frumrit fundargerðarinnar áritað af öllum stjórnarmönnum, sem sitja þann fund er samþykkir fundargerðina. Náist ekki sátt um meiriháttar athugasemd við fundargerð skal greidd um hana atkvæði á þeim fundi er hefur fundargerðina til umfjöllunar og samþykktar. Skulu þeir einir sem sátu fund þann er fundargerðin fjallar um eiga atkvæðisrétt.

Almennt skulu mál og gögn þeim tengd sem eru til meðferðar og úrlausnar hjá stjórn meðhöndlust sem trúnaðarmál þar til þau eru afgreidd með ákvörðun stjórnar. Í þeim tilvikum að um sérstaklega viðkvæm mál er að ræða, eða mál tengd miklum hagsmunum einstaklinga eða félaga og félagasamtaka, sem telja ber að séu ekki á vitund nema mjög fárra manna, getur formaður eða málshefjandi ákveðið að slík mál séu meðhöndluð sem „algjört trúnaðarmál“ á stjórnarfundi. Mál sem tiltekið er sem „algjört trúnaðarmál“ skal ekki rætt við aðra en stjórnarmenn og málsaðila. Þau gögn sem lögð eru fram í málum sem skilgreind eru sem „algjört trúnaðarmál“ taka stjórnarmenn hvorki með sér af stjórnarfundum eða úr húsakynnum félagsins. Aukinn meirihluti stjórnar getur ætíð ákveðið að mál sem merkt eru með þessum hætti skuli engu að síður sæta almennri málsmeðferð. Umfjöllun og niðurstaða stjórnar í málum sem merkt eru „sérstakt trúnaðarmál“ skal rituð í sérstaka trúnaðarbók eða felld út úr fundargerðum sem birtar eru á vef félagsins.

## Upplýsingagjöf til stjórnar

Upplýsingagjöf til stjórnar fer fram á stjórnarfundum. Stjórnarmenn hafa aðgang að öllum gögnum um félagið sem nauðsynleg eru til að þeir geti sinnt stjórnunar- og eftirlitsskyldu sinni á starfstíma sínum. Gögn í samræmi við boðaða dagskrá skulu vera aðgengileg á vef stjórnar eða berast stjórnarmönnum með fundarboði. Óski stjórnarmaður eftir tilteknum gögnum, t.d. um rekstur og starfsemi félagsins, skulu þau afhent öllum stjórnarmönnum á stjórnarfundum. Óskir um gögn skulu send á formann, með tölvupósti, að minnsta kosti 7 dögum fyrir næsta stjórnarfund ef ætlunin er að fá þau afhent á næsta stjórnarfundum.

## Réttindi og skyldur stjórnarmanna VR

- Kynna sér lög og samþykktir félagsins og þeirra samtaka sem félagið er aðili að.
- Vera almennt vel að sér um starfsemi félagsins og þá straua og stefnur í samfélaginu sem áhrif geta haft á starfsemi þess. Að gæta þagnarskyldu um það sem þeir kunna að verða áskynja í starfi sínu og leynt á að fara samkvæmt lögum, reglum og eðli máls.
- Halda trúnað um þau gögn sem stjórn VR hefur sérstaklega ákveðið að trúnaður ríki um.
- Sækja stjórnarfundum. Sitja í ráðum og nefndum á vegum stjórnarinnar og leggja til þeirra starfa þá persónulegu og faglegu þekkingu sem nýst getur félaginu.
- Setja fram álit sitt og skoðanir um þau viðfangsefni sem eru til umfjöllunar og ákvörðunar innan stjórnar hverju sinni.
- Setja fram andmæli sín og andstöðu við samþykktir stjórnar með skýrum og greinargóðum hætti þegar þær eru til umfjöllunar og ákvörðunar.
- Hlíta samþykktum ákvörðunum stjórnar enda hafi þær verið teknar á lýðræðislegan hátt á löglegum fundum stjórnarinnar.
- Vinna með starfsmönnum félagsins í nefndum og starfshópum.
- Á stjórnarmann er lögð sú skylda að honum ber að víkja sæti við meðferð og afgreiðslu máls þegar það varðar hann eða nána venslamenn hans og félagasamtök eða félög þar sem hann situr í stjórn. Stjórnarmanni er skylt að upplýsa um atvik sem geta valdið vanhæfi hans og skal hann gera það um leið og slík mál koma upp. Vanhæfur stjórnarmaður á ekki að taka þátt í meðferð slíks máls að neinu leyti og á þar af leiðandi ekki að fá aðgang að gögnum eða vera viðstaddur umræður og ákvarðanatöku á stjórnarfundum. Stjórn tekur ákvörðun um vanhæfi einstakra stjórnarmanna ef vafamál kemur upp. Stjórnarmaður sem hlut á að máli má taka þátt í atkvæðagreiðslu um hæfi sitt.

1

<sup>1</sup> Sjá viðmiðunarreglur um réttindi og skyldur stjórnarmanna í aðildarsamtökum ASÍ sjá, <https://www.asi.is/um-asi/skipulag/log-asi-reglugerdir-og-reglur/reglugerdir-og-reglur/vidmidunarreglur-um-rettindi-og-skyldur-stjornarmanna-i-adildarsamtokum-asi/>

## Fundarseta annarra en stjórnarmanna

Formanni er heimilt að bjóða utanaðkomandi aðilum á stjórnarfundi til að kynna ákveðin mál er varða starfsemi félagsins eða aðila tengdum starfsemi þess. Setu slíkra aðila skal afmörkuð við þau tilteknu mál. Stjórn getur samþykkt að hafna setu annarra en stjórnarmanna á stjórnarfundi.

## Ráð og nefndir

Formaður og/eða stjórn VR skipar fulltrúa til setu í ráðum og nefndum og tekur skipan og/eða endurnýjað umboð gildi að öllu jöfnu um miðjan apríl. Fulltrúa VR sem boðin er þátttaka í ráðum og nefndum sem fulltrúa VR, ber að sækja um rétt til setu þar til formanns VR. Fulltrúi VR kemur fram í nafni og í umboði félagsins og skal gæta þess að öll framsaga og vinna sé í samræmi við ályktanir og stefnumörkun þess. Skipan fulltrúa skal jafnan fylgja skipunarbréf sem kveður á um skipunartíma og upplýsingaskyldu fulltrúa við félagið um störf sín.

## Verkaskipting

### Formaður

Formaður er málsvari stjórnar og kemur fram fyrir hennar hönd varðandi málefni félagsins nema stjórnin ákveði annað. Formaður er jafnframt opinber talsmaður VR. Formaður kemur fram fyrir hönd stjórnar gagnvart starfsmönnum félagsins. Formaður á seturétt í öllum ráðum og undirnefndum stjórnar. Formaður boðar til stjórnarfunda, stýrir þeim og tryggir að öll gögn sem að fundinum lúta séu stjórnarmönnum tiltæk. Formaður stýrir samninganefnd félagsins við gerð kjarasamninga.

Heimildir formanns og framkvæmdastjóra til að skuldbinda félagið í daglegum rekstri skulu taka mið af:

- Fjárhagsáætlunum samþykktum af stjórn.
- Frávik frá áætlunum raski ekki samþykktum fjárhagslegum markmiðum.
- Frávik frá fjárhagsáætlunum feli ekki í sér meiriháttar stefnubreytingu er varðar einstaka liði eða fjárhagsáætlanir í heild.
- Framkvæmdastjóri skal fyrir lok nóvember ár hvert, í samvinnu við formann félagsins, vinna tillögur að fjárhagsáætlun næsta fjárhagsárs.

### Varaformaður

Í fjarveru formanns stýrir varaformaður fundum. Varaformaður tekur að sér öll störf formanns í leyfum hans, telji stjórn þess þörf. Auk þess er það hlutverk varaformanns að aðstoða formann við undirbúning stjórnarfunda. Láti formaður af störfum innan þess tímabils sem hann hefur verið kjörinn til formennsku skal varaformaður taka við og gegna embætti formanns, með þeim réttindum og skyldum er starfinu fylgja, út kjörtímabilið.

## Ritari

Ritari gætir þess að fundargerðir félagsins séu ritaðar samkvæmt lögum og þeim reglum er um þær gilda. Að fundargerðir og önnur fundargögn séu varin tjóni og varðveitt í samræmi við trúnaðarstig þeirra. Afhenda ber ritara eintak af öllum gögnum sem að fundinum snúa. Ritari skal gæta þess að fundargerð fylgi öll þau gögn sem að boðun fundarins lutu, auk þeirra sem framlögð kunna vera á fundinum sjálfum. Ritari aðstoðar auk þess formann og varaformann við undirbúning stjórnarfunda sé þess þörf. Ritari er staðgengill varaformanns.

## Stjórnarmenn

Stjórnarmönnum ber skylda til að kynna sér vel og taka upplýsta ákvörðun um öll þau mál er fjallað er um á fundum stjórnar.

## Varamenn

Varamenn sitja fundi stjórnar er forföll verða. Varamönnum ber skylda til að kynna sér og taka upplýsta ákvörðun um öll þau mál er fjallað er um á fundum stjórnar. Varamaður tekur sæti aðalmanns í stjórn ef til afsagnar þess síðarnefnda kemur.

Til að geta innt skyldur sínar samviskusamlega af hendi skulu varamenn hafa sama aðgang að og fá send öll viðhlítandi gögn sem um aðalman væri að ræða, enda bera þeir sömu réttindi og skyldur sem aðrir stjórnarmenn.

Í upphafi starfstíma síns skulu stjórnarmenn allir undirrita eið um trúnað við félagið og þagnarskyldu. Frumrit þessara gagna skulu vistuð í húsakynnum félagsins á öruggan hátt. Þagnarskylda helst þó látið sé af stjórnarstarfi.

## Framkvæmdastjóri

Framkvæmdastjóri situr stjórnarfundum með málfrelsi og tillögurrétt. Framkvæmdastjóri aðstoðar formann við undirbúning stjórnarfunda. Hann gengur frá dagskrá í samráð formann, undirbýr fundargögn og sér til þess að þau berist stjórnarmönnum.

## Endurskoðun starfsreglna

Starfsreglur þessar skulu yfirfarnar og samþykktar af stjórn VR, að varamönnum meðtöldum, sem fyrst eftir aðalfund félagsins en þó eigi síðar en 1. júlí ár hvert.

Samþykkt á stjórnarfundum VR nr. 1172 11. apríl 2018

## 7. Fyrirtæki ársins – niðurstaða fyrir vinnustaðinn VR

Fyrir fundinum liggur skjalið **Einkunnir VR í Fyrirtæki ársins 2022**.

Stefán fór yfir niðurstöður úr árlegri könnun félagsins á Fyrirtæki ársins eins og þær snúa að vinnustaðnum VR.

Stefán segir niðurstöðurnar góðar, félagið er í tíunda sæti í hópi meðalstórra fyrirtækja, en tekur ekki sæti á birtum lista. Heildareinkunn félagsins er 4,48 af 5 mögulegum. Heildareinkunn meðalstórra fyrirtækja er 4,31 að meðaltali.

Umræður.

Ragnar óskar eftir samþykki fyrir því að lengja fundinn til kl. 22:00.

Samþykkt.

## **8. Málverk í eigu VR**

Fyrir fundinum liggur skjalið **Listaverkalisti í eigu og hjá VR**.

Umræður.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 22:25.